

kvæmt framangreindu teljast meiðandi eða niðrandi fyrir aðaláfrýjanda og dæma gagnáfrýjanda í sekt fyrir þau samkvæmt 219. gr. nefndra laga. Þykir sektin, með tilvísun til 221. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin í bæjarþingsdóminum 40 kr. og komi 6 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún ekki er greidd á réttum tíma. Eftir þessum úrslitum þykir málskostnaður fyrir yfirdómi eiga að falla niður, en málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins skal standa óbreytt.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Lárus H. Bjarnason prófessor, greiði til landssjóðs 40 kr. eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Framantalin meiðandi og óvirðandi ummæli um aðaláfrýjanda eiga að vera dauð og ómerk. Um málskostnað fyrir undirrétti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 52/1911: Det danske Petroleum's Aktieselskab
 gegn
 Anton Bjarnasen

D ó m u r :

Í byrjun septembermánaðar f. á., fekk Anton Bjarnasen verzlunarstj. í Vestmanneyjum, sem stefndur er í þessu

máli, 100 tunnur af steinolíu frá útlöndum; voru tunnur þessar merktar þannig, að yfir þveran botninn miðjan var letrað orðið: »Rocklight«, þar fyrir ofan í bogdreginni línu orðin »Extra Refined« og fyrir neðan í bogdreginni línu orðið »Petroleum«; innan efri boglínunnar fyrir ofan »Rocklight« var mörkuð stjarna og í neðri boglínunni hálfmáni (tunglörönd) hvorutveggja með rauðum lit. Fulltrúi áfryjanda, Det danske Petroleums Aktieselskab, Holger Debell, var staddur í Vestmanneyjum þegar steinollan kom þangað, og með því að honum þótti sem merki það á tunnunum, er nú var lýst, væri eftirstæling á skrásettu vörumerki umbjóðenda sinna, og því ólöglegt og andstætt rétti þeirra, krafðist hann, að sýslumaðurinn í Vestmanneyjum lýsti fyrir stefnda lögbanni gegn því, að hann seldi eða afhenti öðrum áminsta steinolíu, en með fógataréttarúrskurði 2. sept. f. á. neitæði sýslumaðurinn að framkvæma þessa gjörð. Þessum úrskurði hefir áfryjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. okt. f. á. og krafist þess, að úrskurðinn verði feldur úr gildi og fógatinn skyldaður til að framkvæma lögbannið, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir undir- og yfirrétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfryjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir fógataréttinum og yfirdómi eftir mati dómsins.

Í Lögbirtingablaðinu, er út kom 19. apríl f. á., var auglýst tilkynning um vörumerki, er áfryjandi lét skrásetja 18. s. m. svo látandi.

»Lýsing á merkinu: Hringmyndað einkunnarmerki og stendur efst á því í boga: Extra Refined. Undir þeim orðum stendur í tveim línum: D. D. P. A. og Rock-

light. Fyrir neðan hið síðasttalda orð eru 3 stjörnur, og neðst í línu bogadreginni niður á við orðið: Petroleum. Merkið, sem áður er skrásett í Kaupmannahöfn 11. marz 1911 samkv. tilsk. dags. 21. febr. s. á., er að eins skrásett fyrir steinolíu og alls konar steinolíuafurðir, nafta og aðra lýsingarvökva. Orðið Rocklight skal nota sem sérstakt tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

Áfrýjandi lítur svo á, að merkið á framangreindum oliutunnum stefnda sé í heild sinni svo áþekt binu skrásetta vörumerki sínu, að hætt sé við, að á þeim verði vilst, þó að þau séu ólík í einstökum atriðum; merkið sé því ólöglegt samkvæmt 14. gr. vörumerkjalaganna 13. nóv. 1903, og stefnda óheimilt að selja steinolíu með þessu merki.

Framanskráð lýsing á vörumerki áfrýjanda og merk-inu á oliutunnum stefnda sýnir, að ekki er annað sam-eiginlegt með merkjum þessum en orðin: »Extra Refined Rokhlight Petroleum«. Það getur nú samkvæmt 5. gr., 1. og 8. gr. nefndra laga ekki komið til mála, að orðin Extra Refined Petroleum eigi tilkall til verndar sem skrásett vörumerki eða partur úr því.

Aftur á móti segir í tilkynningunni um orðið »Rocklight«, að það eigi að nota sem sérstakt tilbúið heiti fyrir þar greindar vörutegundir, sbr. 5. gr. vörumerkjalaganna, og heldur áfrýjandi því fram, að þetta orð eigi við sérstaka vörutegund og einkenni hana frá öðrum steinolíu-tegundum.

Stefndi neitar þessu að vísu og staðhæfir, að orðið »Rocklight« sé alment notað í útlendu máli um steinolíu yfirleitt, og sé ekki heimilt að nota það sem vörumerki út af fyrir sig eða nota það sem tilbúið heiti, enda hafi

Þessi sama olíutegund, er var í tunnum stefnda, sannanlega verið seld í Reykjavík og víðar með sama merki löngu áður en áfryjandi fekk skrásett umrætt vörumerki. En þennan framburð sinn hefir stefndi eigi sannað, og vantar því upplýsingar um, að áfryjanda hafi brostið heimild til að fá orðið Rocklight skrásett sem sérstaklega tilbúið heiti á ákveðinni tegund steinolíu. Eftir þessu verður að álíta, að réttur áfryjanda til að nota téð orð í vörumerki sínu sé því til fyrirstöðu, að stefndi selji eða afhendi steinolíu í eða úr ílátum merktum orðinu »Rocklight«, og bar fógötanum því samkvæmt kröfu áfryjanda að lýsa fyrir stefnda lögbanni gegn því líkri sölu eða afhendingu. En að því er merkið á nefndum steinolíutunnum stefnda að öðru leyti snertir, á úrskurðurinn að vera óraskaður.

Eftir málavöxtum þykir stefndi eiga að greiða áfryjanda málskostnað, og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Samkvæmt kröfu áfryjanda, Det danske Petroleums Aktieselskab, ber fógötanum í Vestmanneyjum að lýsa fyrir stefnda, Anton Bjarnasen, lögbanni gegn því, að hann selji eða afhendi steinolíu í eða úr ílátum merktum með orðinu »Rocklight«. Að öðru leyti skal hinum áfryjaða úrskurði óraskað. Stefndi greiði áfryjanda 25 kr. í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögun.